



Stjórnarfundur 5 þriðjudaginn 4. febrúar 2014 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Aðalsteinn Einar Eymundsson, Kristján Geir Guðmundsson, Dagbjört Víglundsdóttir, Mundína Ásdís Kristinsdóttir og Hreggviður Norðdahl.

Afboð og mættu ekki: Brynja María Ólafsdóttir

Dagskrá

- Bikarúrlit – framkvæmd
- SCD mótið 6.-8. júní 2014
- Landsliðsmál
- Ársþing BLÍ
- Önnur mál

Fundargerð

- **Bikarúrlit – framkvæmd**

Auglýsingar: Rammi vegna auglýsinga og miðasölu fyrir félögin sem eru komin í undanúrslit. Samþykkt að félögin fái 3 auglýsingar (3xheilramma á 150 þ sem viðmiðunarverð) á lið. Félögin skila BLÍ 25% af sölu auglýsinga í formi aðstöðugjalds. Ramminn þarf að vera skýr og búa þarf til gott plagg til að kynna þetta betur fyrir félögin.

Miðasala: Samþykkt að félögin fái 100 miða til þess að selja í forsölu (30 miða fyrir hvorn dag og 40 helgarpassa). Félögin þurfa að skila óseldum miðum á hádegi föstudags svo hægt sé að setja þá inn í kerfið að nýju. Sævar skoðar þetta með midi.is. Þarf að koma fram að hér er um tilraun að ræða til að fjölga áhorfendum.

Umsjón: Fjögur félög eru búin að hafa umsjón með leikjum úrslitahelgarinnar og veitingasölu og hringnum þar með lokað. Á að hafa óbreytt fyrirkomulag eða breyta því? Senda þessa umræðu inn í umgjáðarhóp sem er samansettur af 1 fulltrúa fyrir hvert lið.

- **SCD mótið 6.-8. Júní 2014**

Laugardalshöllin er bókuð fyrir mótið frá 4.-8. júní 2014

Reykjavík Lights Hotel er bókað, 7 keppnislið (3 kk og 4 kvk) þar af 5 erlend lið. Það er bókað fyrir 5 erlend lið á hótelinu.

Hádegis- og kvöldverður verður reiddur fram á Café-Easy í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Framkvæmdanefnd: Búið að ræða við framkvæmdanefnd Smáþjóðaleikana að taka þetta að sér. Þó þarf að vera mótsstjóri sem ber ábyrgð á hlutum. Sævar hefur verið skipaður dómari í mótinu og því eðlilegt að hann sé ekki mótsstjóri. Ákveðið að fá Hrafnhildi til að stýra nefndinni.

Jason kemur inn þegar nær dregur og vinnur með nefndinni.

Þarf góðan mann til að halda utan um fjárhagslegu hlið mótahaldsins þar sem kostnaður við mótið er töluverður.

Verkefni nefndarinnar eru m.a.

- Samskipti við Hótel
- Samskipti við Café Easy
- Afla styrkja með auglýsingum
- Athuga með útsendingar sjónvarps
- Samskipti við CEV vegan mótsins og Electronic Scoresheet

- **Landsliðsmál**
 - Þjálfaramál eru í uppnámi vegna A landsliðanna í vor. Nefndin fundar á næstu dögum
- **Ársþing BLÍ**
 - Ársþing BLÍ verður 17. maí. Hreggviður þingforseti. Þingboð sent út rafrænt í lok mars/byrjun apríl.
- **Önnur mál**
 - Blakdeild Fylkis fékk 50.000 kr. styrk vegna útbreiðslumála. Nokkur umræða var um slíkar styrkveitingar og ljóst að félagin þurfi að sækja sérstaklega um fyrir góð og gild verkefni. Það þarf að koma þessum málum í skipulegra horf.
 - Farið yfir fjármál. Sambandið að verða svo til skuldlaust í febrúar.
 - Bréf frá Hrunamönnum þar sem lagt er til að gerð verði könnun á bikarkeppni BLÍ og hvort ætti að breyta fyrirkomulaginu.

Fundi slitið kl. 18.30

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð